

Héraðsdómur Vestfjarða

Dómur 4. mars 2025

Mál nr. S-54/2024:

Lögrelustjórinn á Vestfjörðum

(Helgi Jenson lögrelustjóri)

gegn

X

(Auður Björg Jónsdóttir lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 7. febrúar 2025, var höfðað með ákæru lögrelustjórans á Vestfjörðum 23. september 2024 á hendur X, kt. [...], [...], fyrir „skjalafals, með því að hafa, þann 10. maí 2023, í blekkingarskyni, ritað nafn A, kt. [...], sem undirskrift umsóknaraðila og samþykki viðskiptaskilmála, á umsókn B ehf., kt. [...], um viðskipti við C ehf., kt. [...], og notað skjalið til þess að stofna til viðskipta við C um útleigu bifreiða til B ehf.“

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Kröfur ákærða.

Ákærði krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi en til vara að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa samkvæmt framlagðri tímaskýrslu auk ferðakostnaðar og dagpeninga úr ríkissjóði.

Málavextir.

Í gögnum málsins kemur fram að þann 31. júlí 2023 hafi A að eigin frumkvæði mætt til skýrslutöku hjá rannsóknardeild lögrelunnar á Vestfjörðum til að leggja fram kæru vegna meints skjalafals. Í samantekt skýrslutökunnar segir m.a. að A hafi verið eigandi og prókúruhafi fyrirtækisins B ehf., sem rak samnefnt veitingahús [...], þegar nafn hans hafi verið notað við umsókn um viðskipti við bílaleiguna C. Ákærði er sagður hafa sent þessa umsókn og falsað nafn A við gerð hennar 10. maí 2023. Sama dag hefði samningur

um sölu B verið undirritaður og hefði ákærði verið kaupandi félagsins. Fram kemur að A hafi ekki talið sig hafa orðið fyrir fjárhagslegum skaða vegna þessara viðskipta.

Afrit umrædds skjals er meðal gagna málsins. Um er að ræða staðlaða umsókn um viðskipti við bílaleigu en þar sem gert er ráð fyrir undirskrift umsóknaraðila stendur handskrifað „A“.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði bar fyrir dómi að hann hafi gert kaupsamning um kaup á félaginu B ehf. við [...] A og D. Í upphafi hafi verið ráðgert að miða við dagsetninguna 1. maí 2023 en seljendur hefðu ekki verið „klárir með nokkur atriði“. Því hafi verið ákveðið að ákærði myndi greiða fyrir félagið og taka við rekstrinum frá og með þeim degi sem ritað var undir kaupsamning, þ.e. 10. maí 2023. Aðspurður um þau atriði sem staðið hefði upp á seljendur að klára nefndi ákærði sem dæmi uppgjör leigusamnings um húsnæði og skil gagna til fyrirtækja- og ársreikningaskrár.

Ákærði viðurkenndi fyrir dómi að hafa notað nafn A til að rita undir umsókn um viðskipti við C ehf. en það hafi verið samkvæmt samkomulagi og leyfi frá honum. Ákærði hafi einungis talið sig vera að skuldbinda félagið, þ.e. B ehf., en hann hafi ekki getað notast við eigið nafn þar sem hann hafi ekki verið „kominn inn“ og „pappírarnir [ekki] farnir í gegn“. Hann hafi hins vegar verið búinn að taka við öllum skuldbindingum félagsins og greitt reikninga þess samkvæmt heiðursmannasamkomulagi við A. Ásakanir A um fölsun hafi komið ákærða á óvart þar sem ákærði hafi talið samkomulagið ná til þess að nota nafn A á meðan A hafi verið skráður eigandi félagsins. Ákærði hefði ekki getað aðhafst í rekstri félagsins án þess að nota nafn A og A hafi verið meðvitaður um það.

Aðspurður um netfangið [...], sem ákærði tilgreindi í umsókninni um viðskipti við C ehf., sagði ákærði sig, A og D alla hafa haft aðgang að pósthólfi þess. Ákærði kvaðst ekki vita til þess að lokað hafi verið á aðgang [A og D] að því. Rekstur B ehf. hafi ekki gengið upp og veitingastaðnum [...] verið lokað í kjölfarið. Félagið sé enn í rekstri undir sömu kennitölu en öðru nafni og sé ákærði eigandi þess.

Vitnið A kom fyrir dóm og sagði frá viðskiptum sínum við ákærða vorið 2023. Við undirritun kaupsamnings um sölu á B ehf. til ákærða hafi þeir [A og D] átt eftir að skila ársreikningi en skilað honum til stjórnvalda í kjölfarið. Þá hafi gengið seint að fá í gegn nafnbreytingu á leigusamningi um húsnæði. Vitnið kvað ákærða aldrei hafa staðið

við nema hluta af kaupsamningnum þar sem hann hafi ekki greitt skuldir sem hvíldu á félaginu. Þetta hafi leitt til þess að mannorð og lánstraust vitnisins og [D] hefðu hrunið í kjölfarið. Ákærði hafi safnað frekari skuldum og meðal annars ákveðið að taka bíla á langtímaleigu. Ákærði hafi falsað undirritun vitnisins til þess að bílaleigan gæti skoðað lánstraust félagsins. Vitnið hafi yfirhöfuð ekki gefið ákærða heimild til þess að nota nafn sitt í viðskiptum félagsins og hefði aldrei komið slíkt til hugar. Þá neitaði vitnið því aðspurt að hafa beðið ákærða um að nota nafn sitt. Vitnið taldi þó að það hefði sennilega ritað undir umsókn B ehf. um viðskipti við C ehf. ef ákærði hefði beðið vitnið um það. Aðspurt sagði vitnið að það hafi orðið áskynja um umsóknina um leið og hún var send þar sem vitnið hafi haft aðgang að tölvupósthólfi félagsins. Vitnið hafi í kjölfarið bæði hringt til C ehf. og sent tölvupóst til að benda félaginu á að þetta væri ekki undirskrift vitnisins. Engin viðbrögð hafi borist við erindunum.

Vitnið D bar fyrir dómi að við söluna á B ehf. hafi ekki verið rætt um að ákærði hefði heimild til að nota nafn A í rekstrinum. Fram kom í máli vitnisins að atvik málsins hafi gerst á tímabili þar sem þeir [A] hafi enn verið skráðir eigendur félagsins og stjórnarmenn í því þrátt fyrir að búið hafi verið að rita undir kaupssamning.

Vitnið E, deildarstjóri langtímaleigu hjá C ehf., kom fyrir dóm og ræddi viðskiptahætti félagsins með almennum hætti en fram kom að þeir starfsmenn bílaleigunnar sem önnuðust samskipti við B ehf. árið 2023 væru hættir störfum. Vitnið lýsti þeirri afstöðu að félagið hefði ekki gert samninga við B ehf. um leigu á bíl ef því hefði verið kunnugt um fölsun undirskriftar á umsókninni.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ákærða gefið að sök skjalafals, sbr. 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að rita nafn A, fyrri eiganda einkahlutafélagsins B, á umsókn félagsins 10. maí 2023 um viðskipti við bílaleiguna C ehf., en ákærði keypti allt hlutafé í fyrrnefnda félaginu samkvæmt kaupsamningi sem undirritaður var sama dag. Skjalafals er lýst refsivert í téðu ákvæði og sætir brotið ákæru í opinberu máli. Eru því ekki skilyrði til þess að vísa málinu frá dómi á þeim grundvelli að um einkaréttarlegan ágreining sé að ræða, svo sem byggt er á af hálfu ákærða.

Samkvæmt fyrri málslíð 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga er refsivert að nota falsað skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum. Ekki er uppi ágreiningur um það að ákærði ritaði undir umsókn um viðskipti við bílaleiguna með nafni annars manns.

Því liggur fyrir að ákærði nafnfalsaði skjalið en eins og málið horfir við dóminum er einkum um það deilt hvort ásetningur ákærða hafi staðið til þess að blekkja með því í lögskiptum í skilningi ákvæðisins.

Fallast verður á það með ákæruvaldinu að ákærði hafi að minnsta kosti haft ásetning til þess að gera umsóknina svo úr garði að hún virtist stafa frá fyrri eiganda B ehf. Að mati dómsins varðar sú „blekking“ þó aukaatriði í fyrirhuguðu viðskiptasambandi félagsins við C ehf. og verður að telja að nokkur vafi ríki um það hvað ákærða gekk raunverulega til með athæfinu. Til stuðnings fyrirnefndu ályktuninni liggur fyrir framburður vitnisins A um það að starfsmenn bílaleigunnar hafi ekki aðhafst í tilefni af tilkynningu hans um að undirritun hans á umsóknina hafi verið fölsun. Bendir það ekki til þess að þeir hafi verið blekkir til að ganga til viðskipta við B ehf. umrætt sinn.

Varnir ákærða byggja fyrst og fremst á því að ákærði hafi haft samþykki A til að nota nafn sitt í viðskiptum B ehf. á meðan A var enn skráður raunverulegur eigandi, hluthafi og prókúruhafi félagsins. Taka ber fram að A hefur borið fyrir dómi að slíkt samþykki hafi ekki legið fyrir. Hins vegar verður jafnframt að skilja varnir og framburð ákærða fyrir dómi á þann veg að hann hafi talið sér heimilt og nauðsynlegt að nota nafn A í viðskiptum B ehf. þar til þessum opinberu skráningum yrði formlega breytt.

Meðal gagna málsins er tölvubréf ákærða 15. júní 2023, í tilefni af umsókn B ehf. um reikningsviðskipti hjá N1, sem bera með sér að á þeim tímapunkti hafi ákærði verið farinn að nota eigið nafn í viðskiptum félagsins. Þá verður að horfa til þess að á umsóknina 10. maí 2023 ritaði ákærði bæði tölvupóstfang sem A hafði aðgang að og símanúmer A sjálfs. Enda þótt launung sé ekki skilyrði refsínæmis samkvæmt 155. gr. almennra hegningarlaga benda þessi atriði til þess að ákærði hafi í raun og veru talið sig njóta heimildar til að nota nafn A í því millibilsástandi sem leiddi af því að ákærði tók við rekstri einkahlutafélags án þess að vera skráður prókúruhafi þess. Einnig er litið til þess að umsókninni var ekki ætlað að binda A, eða nokkra aðra aðila en B ehf. og C ehf., við fyrirhuguð viðskipti með nokkrum hætti.

Í þessu sambandi skiptir að áliti dómsins ekki máli hvort hugmyndir ákærða um þetta voru réttar eða rangar og formsins vegna hefði umrædd umsókn um viðskipti að líkindum allt eins getað stafað frá honum sjálfum. Liggur enda fyrir að ákærði var á þessum tíma eigandi alls hlutafjár í B ehf. og hafði vafalaust heimildir til að grípa til þeirra ráðstafana sem hann taldi nauðsynlegar í rekstri félagsins.

Þeirri huglægu afstöðu ákærða til athæfisins sem fólst í því að rita nafn A undir téða umsókn, sem lýst er að framan, verður að mati dómsins ekki jafnað við ásetning til þess að beita blekkingum í lögskiptum í skilningi 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga en sönnunarbyrði um þetta atriði hvílir á ákærvaldinu, sbr. t.d. 108. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Er það niðurstaða dómsins að ákærvaldinu hafi ekki tekist sönnun um það að ásetningur ákærða hafi verið annar en að koma á viðskiptum á milli B ehf. og C ehf., hann hafi formsins vegna talið nauðsynlegt að nota nafn fyrri eiganda fyrrnefnda félagsins í því skyni og álitid sig njóta til þess heimildar. Eins og hér stendur sérstaklega á og með hliðsjón af skilyrðum 155. gr. almennra hegningarlaga verður ekki hjá því komist að sýkna ákærða af kröfum ákærvaldsins.

Allur sakarkostnaður málsins, 874.325 krónur, greiðist úr ríkissjóði, sbr. 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða á rannsóknarstigi og fyrir dómi, Auðar Bjargar Jónsdóttur lögmanns, 811.890 krónur. Við ákvörðun þeirra hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Við ákvörðunina var tímaskýrsla verjandans lögð til grundvallar en þó þannig að aðalmeðferð málsins reiknast fimm klukkustundir, sbr. 1. gr. reglna dómstólasýslunnar nr. 1/2025. Er og miðað við tímagjaldið 27.000 kr. samkvæmt reglunum en ekki 26.000 kr. Þá greiðist ferðakostnaður verjandans úr ríkissjóði, 45.835 krónur og dagpeningar verjandans, 16.600 krónur. Ekki féll til annar sakarkostnaður vegna meðferðar málsins fyrir dómi.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Helgi Jensson lögreglustjóri.

Oddur Þorri Viðarsson dómstjóri kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákærvaldsins.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Auðar Bjargar Jónsdóttur lögmanns, 811.890 krónur, ferðakostnaður verjandans, 45.835 krónur, og dagpeningar verjandans, 16.600 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Oddur Þorri Viðarsson